



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Ákvörðun nr. 22/2011

## Útnefning Já Upplýsingaveitna hf. með skyldu til að veita alþjónustu að því er varðar útgáfu símaskrár og rekstur upplýsingaveitu um símanúmer

### I.

#### Inngangur

Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) birti þann 16. júní 2011 samráðsskjal við markaðsaðila vegna fyrirhugaðar útnefningar Já Upplýsingaveitna hf. 430805-0530 (hér eftir Já) með skyldu til að veita alþjónustu á stafsvæði sínu. Nánar tiltekið er um að ræða útgáfa prentaðrar símaskrár, rekstur upplýsingaveitu um símanúmer, ásamt rekstri viðeigandi gagnagrunna og aðgang annarra fyrirtækja að þeim.

Stofnunin hafði áður með bréfi, dags. 19. maí 2011 gefið Öryrkjabandalagi Íslands, Blindrafélaginu og félagi heyrnarlausra kost á að tjá sig um núverandi þjónustu Já að því er viðkemur þjónustu við öryrkja og/eða aðra hópa með sérstakar þjóðfélagsþarfir. Einungis bárust athugasemdir frá Blindrafélaginu og gerði félagið engar athugasemdir við þjónustu Já að því er viðkom þjónustu við blinda, sjá nánar samráðsskjal PFS, dags. 15. júní 2011.

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga um fjarskipti telst aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingarþjónusta um öll símanúmer til svokallaðrar *alþjónustu*, en samkvæmt orðskýringu í 6. tölulið 3. gr. laganna er með því hugtaki átt við afmarkaða þætti fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.

Í 1. mgr. 20. gr. fjarskiptalaganna segir að PFS geti falið einu eða fleiri fjarskiptafyrirtækjum að bjóða alþjónustu, sbr. 19. gr. laganna. Núgildandi ákvörðun er nr. 25/2007, um útnefningu fjarskiptafyrirtækja með skyldu til að veita alþjónustu á starfssvæði sínu, en með henni voru m.a. lagðar á Já Upplýsingaveitur skyldur til að veita aðgang að símaskrá og upplýsingarþjónustu um símanúmer, auk þess sem fyrirtækið hefur, ásamt Símanum hf., ákveðnum skyldum að gegna við að veita öryrkjum og notendum með sérstakar þjóðfélagsþarfir aðgang að fjarskiptaþjónustu. Útnefning Já samkvæmt þessari ákvörðun rennur út þann 30. júní n.k., sbr. bréf PFS, dags. 30. desember 2010, sem framlengdi gildistíma núgildandi ákvörðunar.

## II.

### Athugasemdir hagsmunaaðila

Athugasemdir vegna samráðsins bárust frá Miðlun ehf. og Já upplýsingaveitum.

Í athugasemdum Miðlunar bendir fyrirtækið á að Já sé eina fyrirtækið á íslenskum markaði sem gefur út símaskrá, veitir upplýsingar um símanúmer einstaklinga í síma og rekur samsvarandi upplýsingaþjónustu á netinu. Ástæður fyrir þessari einokun/fákeppni að mati Miðlunar er að Já eða forverar þess hafi um áráðil komið í veg fyrir að aðrir aðilar gætu hafið sambærilega starfsemi. Nefnir fyrirtækið hindranir sem tengjast gjaldtöku, tengingu símtala, verð á upplýsingum úr gagnagrunni o.fl. Það sé því afar brýnt að ný ákvæði er tengist stöðu fyrirtækisins sem alþjónustuveitanda hamli ekki samkeppni á þessum markaði.

Athugasemdir Miðlunar eru síðan settar fram í 5 tölulíðum:

1. Við teljum að skilja þurfi að umsýslu um gagnagrunn um símanúmer og þjónustu (símaskrá/118/netþjónusta) Samkeppni mun vart þróast með eðlilegum hætt ef samkeppnisaðilar Já upplýsingaveitna þurfa að kaupa gögn af fyrirtækinu. Auðvelt er að skilgreina umsýslu um gagnagrunn um símanúmer og bjóða slíkt út sem sjálfstætt viðfangsefni.
2. Í tilvitnuðum tilmælum (ECTRA/REC(97)01) er sérstaklega nefnt að úthlutun 118 númersins skuli taka mið af „fair and non-discriminatory manner“ í því ljósi óskar Miðlun eftir að skilgreining á þeirri þjónustu sem veitt verði undir númerinu 118 sé takmörkuð við nafn, símanúmer, heimilisfang og pósthúmer. Í dag auglýsa Já Upplýsingaveitur að hægt sé að fá upplýsingar um „hvað sem er“ í númerinu 118. Meginstarfsemi Miðlunar í upplýsingasíma Gulu línunnar er að veita upplýsingar um vörur, þjónustu, starfsheiti, opnunartíma o.s.frv. Ekki er ástæða til að Já Upplýsingaveitur geti keppt við starfsemi Miðlunar eða annarra fyrirtækja á þessu sviði með þeim samkeppnisyfirlurðum sem þriggja stafa símanúmer veitir. Eðlilegt er að Já Upplýsingaveitur veiti slíkar upplýsingar, í samkeppni við aðra þjónustuveitendur í fjögurra stafa númeri.
3. Í gögnum málsins kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun hyggist breyta skilmálum alþjónustukvaðar er varðar sölu á gögnum til þriðja aðila. Í stað þess að selja gögn á „kostnaðarverði“ er nú gert ráð fyrir að sala fari fram á „kostnaðarverði að viðbættri hæfilegri álagningu“. Við teljum þessa breytingu ástæðulausa og óskýra. Viða bendum á að sala á gögnum er óverulegur hluti af starfsemi Já Upplýsingaveitur og ástæðulaust að tryggja félaginu sérstaka álagningu af slíkri sölu.

4. Í gögnum málsins kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun vinnur að kostnaðargreiningu sem miðast við þrenns konar „heildsöluaðgang að gagnagrunni Já upplýsingaveitna“. Þetta mæti skilja á þann veg að fyrirhugað sé að verð fyrir gögnin fari eftir því hvað kaupandi ætli að nota gögnin í (símaskrá/símaþjónusta/netþjónustu). Við bendum á að verð á gögnunum getur undir engum kringumstæðum tekið mið af því hvað notandinn ætlar að gera við gögnin. Skýrt kemur fram í ákvæðum er varða alþjónustukvaðir að verð skuli byggjast á kostnaðarverði-ekki fyrirhugaðri notkun gagnanna. Mismunandi verð fyrir gögn vegna útgáfu símaskrár/símaþjónustu/netþjónustu getur aðeins haft þann tilgang að hamlá/stjórna samkeppni.
5. Breytingar á starfsskilyrðum á þessum markaði mun örva samkeppni og fjölga þjónustuaðilum. Því er lagt til að útnefning Já Upplýsingaveitur sem alþjónustuveitanda verði til eins árs eða 30. júní 2012.

### III.

#### Niðurstaða

##### 3.1. Tímabil útnefningar

Í samráðsskjali var lagt til að gildistíma alþjónustukvaða færi saman við úthlutunartíma númersins 118 eða til 10. febrúar 2016. Í athugasemdum Miðlunar leggur fyrirtækið til að útnefningin verði einungis til eins árs og vísar til þess að breytingar á starfsskilyrðum á þessum markaði muni örva samkeppni og fjölga þjónustuaðilum.

PFS tekur undir með Miðlun um að mikilvægt sé að auka samkeppni á sviði upplýsingaþjónustu um símanúmer. Vinnur stofnunin nú að úrlausn ágreinings um kostnað aðgangs að gagnagrunni Já, sem er nauðsynleg forsenda fyrir heildsölustarfsemi á þessu sviði. Má því búast við því að þegar í frammi sækir kunni fleiri aðilar að koma til greina sem þjónustuveitendur alþjónustu heldur en forsendur eru fyrir í dag, en telja verður að Já sé eina fyrirtækið sem hafi reynslu og burði til að taka á sig þær íþyngjandi skyldur sem leiða af ákvörðun þessari. Í því ljósi getur verið eðlilegt að staðan á markaðinum sé metin fyrr en áformað var í samráðsskjali PFS. Telur stofnunin að hæfilegt sé að miða við að útnefningin gildi í þrjú ár eða til 30. júní 2014. Hins vegar telur stofnunin að einnig sé rétt að hafa sérstaka heimild til að framlengja útnefningu Já sem alþjónustuveitanda ef forsendur og aðstæður á markaði eru þær sömu eða lítið breyttar. Ef til þess kemur yrði framlengingin bundin við sama tímabil og heimild til notkunar á númerinu 118 eða til 10. febrúar 2016.

Með vísun til ofangreinds skal tímabil útnefningar Já afmarkast með eftirfarandi hætti:

Útnefningartímabil þeirra alþjónustukvaða sem lagðar eru á Já Upplýsingaveitur skulu gilda frá og með 1. júlí 2011 og til og með 30. júní 2014. Póst- og fjarskiptastofnun getur framlengt útnefningartímabilið til 10. febrúar 2016.

##### 3.2. Aðgangur að símaskrá

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að notendur hafi aðgang að a.m.k. einni símaskrá með öllum símanúmerum. Þá er einnig tiltekið í 45. gr. laga um fjarskipti, að áskrifendur í fjarskiptaþjónustu skuli eiga rétt á að vera skráðir í opinberum númera- og vistfangaskrá og skoða upplýsingar sem skráðar eru um þá. Áskrifendur eiga einnig kröfu á að vera óskráðir í gagnagrunni símaskrár og óheimilt er að krefja þá um gjald fyrir það.

Já Upplýsingaveitur ráða yfir stærsta gagnagrunni landsins um áskrifendur fjarskiptaþjónustu og hafa gert samning við fjarskiptaþyriræki landsins um að fyrirtækin láti þeim í té upplýsingar um þá áskrifendur fjarskiptaþjónustu sem óska eftir að upplýsingar um þá birtist í símaskrá. Í samráðsskjali PFS var lagt til að Já yrði útnefnt með alþjónustuskyldur að því er varðar útgáfu símaskrár. Engar athugasemdir bárust vegna þessa og verður því skyldan lögð á fyrirtækið í ákvörðun þessari.

### **3.3. Aðgangur að upplýsingaþjónustu um símanúmer**

Innan Evrópu hefur stuttnúmerið 118 verið skilgreint til notkunar fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer, sbr. tilmæli frá ECTRA (e. European Committee for Telecommunication Affairs nr. ECTRA/REC(97)01 frá 4. desember 1997. Í forsendum tilmælanna segir m.a. að símaskrárþjónusta sé ein af mikilvægustu þjónustum sem tengjast fjarskiptanetum og að aðgengilegur aðgangur að upplýsingaþjónustu um símanúmer sé lykillinn að skilvirku skrárhaldi. Mikilvægt sé að númer sem notuð eru fyrir slíka upplýsingaþjónustu séu stutt þannig að auðvelt sé að leggja þau á minnið. Þá er einnig vikið að því úthlutun númera til slíkrar þjónustu sé gerð á sanngjarnan hátt og án allrar mismununar.

Með bréfi PFS, dags. 10 febrúar 2011, var Já upplýsingaveitum úthlutað númerinu 118, til 5 ára eða til 10. febrúar 2016, sbr. 7. gr. og 2. mgr. 10. gr. fjarskiptalag.

Í athugasemdum Miðlunar er kallað eftir skilgreiningu á því hvaða þjónustu eigi að veita í númerinu 118 og m.a. vikið að þeim samkeppnisyfirburðum sem þriggja stafa númer veitir umfram fjögurra stafa númer.

Í b-lið 4. tl. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 450/2008 um skipulag, úthlutun og notkun númera er kveðið á það hvaða þjónusta skuli vera í númerinu þar er eftirtalin upptalning:

- i. Nafn einstaklings eða fyrirtækis
- ii. Númer: Símanúmer í almennri fjarskiptaþjónustu
- iii. Heimilisfang
- iv. Póstnúmer
- v. Starfsheiti
- vi. Deildarfyrirkomulag
- vii. Afgreiðslutími fyrirtækja
- viii. Tölvupóstföng
- ix. Vistföng heimasíðna
- x. Bannmerki símanúmera

Að mati PFS er ekki hægt að líta svo á að upptalning samkvæmt framangreindu ákvæði útiloki að veittar séu aðrar upplýsingar í númerinu 118 en beinlínis eru taldar upp í því. Er því ekki hægt að leggja takmarkanir á því hvaða upplýsingar megi veita í númerinu 118 með ákvörðun þessari er varðar útnefningu á alþjónustukvöðinni. Hins vegar telur PFS að við næstu endurskoðun á reglum nr. 450/2008 um skipulag, úthlutun og notkun númera komi til álitu að afmarka með tæmandi hætti þá þjónustu sem bundin skal við númerið.

### **3.4. Aðgangur öryrkja og hópa með sérstakar þjóðfélagsþarfir að símaskrá og upplýsingaþjónustu um símanúmer.**

Í lögum um fjarskipti er tiltekið í 3. mgr. 19. gr. laganna að innan alþjónustu teljist einnig þjónusta við öryrkja og notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir. Í 9. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 1356/2007 er nánari afmörkun á skyldum alþjónustuveitanda að því er varðar þjónustu við þessa hópa, þar segir:

Póst- og fjarskiptastofnun skal þegar við á leggja skyldur á viðkomandi alþjónustuveitanda að verða við sanngjörnum kröfum hagsmunasamtaka öryrkja um að aðgangur félagsmanna að þeirri fjarskiptaþjónustu sem fellur undir alþjónustu sé tryggður til jafns við aðra notendur.

Tilgangurinn með ofangreindum réttarheimildum er að jafna aðgang öryrkja og annarra hópa með sérstakar þjóðfélagsþarfir að alþjónustu þannig að þeir geti notið hennar til jafns við aðra landsmenn, sbr. t.d. orðalag 1. mgr. 18. gr. fjarskiptalaga „*Allir notendur skulu*“. PFS getur á grundvelli ofangreindra ákvæða kveðið á um það að alþjónustuveitandi bjóði upp á einhverjar sérlausnir sem gera viðkomandi hóp mögulegt að nýta sér þá þjónustu sem fellur undir alþjónustu.

Í samráðsskjali PFS var lagt til að Já yrði einnig útnefnt með alþjónustuskilyldur að því er varðar aðgang öryrkja og notenda með sérstakar þjóðfélagsþarfir að símaskrá og upplýsingarþjónustu um símanúmer í númerinu 118. Engar athugasemdir bárust vegna þessa. Nánar er gerð grein fyrir þeim sérlausnum sem Já skal viðhafa fyrir þessa hópa í kafla í ákvörðunarorðum.

### **3.5. Um varðveislu gagnagrunns um símanúmer**

Fyrirtækið Já ræður yfir stærsta gagnagrunni landsins um símanúmer áskrifenda fjarskiptaþjónustu. Að stofni til er hér um að ræða gagnagrunn frá Símanum og fyrirrennrum þess fyrirtækis. Öll fjarskiptafyrirtæki eru skyldug til að láta Já í té upplýsingar um viðskiptavinum sína í gagnagrunn ef þeir svo kjósa, sbr. 45. gr. laga um fjarskipti. Gagnagrunnur Já er því nauðsynleg forsenda fyrir því að hægt sé að gefa út prentaða símaskrá hér á landi og upplýsingaþjónustu um símanúmer. Nauðsynlegt er því að gagnagrunninum sé viðhaldið.

#### **3.5.1. Aðgangur að gagnagrunni Já upplýsingaveitna.**

Til þess að önnur fyrirtæki geti haft þann möguleika að gefa út símaskrá og/eða veita upplýsingaþjónustu um símanúmer er nauðsynlegt að kveða á um að Já skuli veita aðgang að gagnagrunninum á kostnaðarverði ásamt hæfilegri álagningu. Í þeirri ákvörðun sem PFS fyrirhugar að boða um kostnaðargreiningu á gagnagrunni Já upplýsingaveitna er ráðgert að mæla fyrir um aðgangsverð fyrir eftirfarandi heildsöluaðgang:

- Aðgangur að gagnagrunni fyrir útgáfu símaskrár.
- Aðgangur að gagnagrunni fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer (sbr. 118)
- Aðgangur að gagnagrunni fyrir Internetþjónustu (sbr. ja.is)

Þær upplýsingar sem Já er skylt að veita taka mið af grunnreglu 2. mgr. 45 gr. fjarskiptalaga um að persónuupplýsingar sem skráðar eru í prentuðum og rafrænum skráum og í upplýsingaþjónustu um símanúmer skuli takmarkast við þær upplýsingar

sem þarf til að bera kennsl á áskrifanda. Skylda Já til að láta af hendi upplýsingar um bannmerkingar í símaskrá byggir á 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga. Nánar tiltekið er um eftirfarandi upplýsingar að ræða:

- Nafn réttihafa
- Símanúmer
- Kennitala
- Heimili
- Póstnúmer
- Bannmerking

### **3.6. Bókhaldsleg aðgreining og kostnaðarbókhald**

Um aðgreiningu í bókahaldi Já fer samkvæmt 12. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 1356/2007. Að öðru leyti gildir reglugerð nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja. s.s. um framkvæmd aðgreiningar, innihald rekstrarreikninga, uppgjorsreglur og kostnaðarskiptingu.

Fyrirtækið skal styðjast við sögulegan rekstrarkostnað sem heimfærður er á viðkomandi þjónustu við framkvæmd kostnaðargreiningar á gagnagrunni félagsins.

PFS getur þó krafist þess að útreikningar á kostnaði taki mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem er hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fyrirtækisins.

PFS metur eigi sjaldnar en á eins árs fresti hvort þörf sé á að gera umtalsverðar breytingar á fyrirliggjandi kostnaðargreiningu og uppfært einstaka þætti sem hafa áhrif á niðurstöðu kostnaðargreiningar s.s. magn flettinga, fjölda notenda, almennt verðlag og ávöxtunarkröfu.

Í athugasemdum Miðlunar er bent á að skilja þurfi að umsýslu um gagnagrunn um símanúmer og þjónustu, þ.e. símaskrá, 118 og netþjónustu og bjóða út sem sjálfstætt viðfangsefni. Að mati PFS er kvöð um bókhaldslega aðgreiningu m.a. til þess fallinn að aðskilja þann kostnað sem tilfellur við viðhald á gagnagrunnsins. Með réttri aðgreiningu er komnar forsendur fyrir því að hægt sé að reikna út kostnaðarverð fyrir aðra þjónustuveitendur fyrir aðgang að gagnagrunninum. Að mati PFS eru því ekki forsendur til að kveða á um að umsýsla með gagnagrunnin sé boðin út sem sjálfstætt viðfangsefni enda gagnagrunnurinn sem slíkur í eigu Já og ekki á forræði PFS á neinn hátt.

Í athugasemdum Miðlunar er einnig vikið að því að PFS hyggist breyta skilmálum alþjónustukvaðar á þann hátt að sala á aðgangi að gagnagrunninum eigi að fara fram á „kostnaðarverði að viðbættri hæfilegri álagningu“. Kvöð um kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu byggir m.a. á 4. mgr. 45. gr. fjarskiptalaga, þar sem fjallað er um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að láta af hendi upplýsingar um símnúmer. Í ákvæðinu er kveðið á um kostnað ásamt hæfilegri álagningu. Nánar verður kveðið á um grundvöll kostnaðargreiningar Já í væntanlegri ákvörðun PFS um verðlagningu vegna aðgangs að gagnagrunni yfir símanúmer, m.a. um það hvað telst hæfileg álagning.

### 3.7. Niðurlag

Með vísun til alls ofangreinds er Já Upplýsingaveitur ehf. útnefndar með skyldur til að veita alþjónustu á stafsvæði sínu. Nánar er kveðið á um útfærslu alþjónustuskyldan fyrirtækisins í ákvörðunarorðum.

#### *Ákvörðunarorð*

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., 19. gr., sbr. 45. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 eru Já Upplýsingaveitur ehf. kt. 430805-0530, útnefnt með alþjónustuskyldu fyrir eftirfarandi þjónustu:

#### 1. Símaskrá:

- a. Fyrirtækið skal gefa út eina prentaða símaskrá á ári með viðeigandi uppfærslum.
- b. Áskrifendur fjarskiptaþjónustu skulu eiga rétt á ókeypis skráningu á símanúmeri í símaskrá, þ.e. skráning símanúmers, rétthafa, starfsheiti og heimilisfangi.
- c. Símaskránni skal dreift til allra ókeypis.
- d. Vefútgáfa símaskrárinnar á ja.is skal uppfærð daglega.
- e. Fyrirtækið skal við uppsetningu vefútgáfu ja.is gæta þess að komið sé til móts við mismunandi þarfir þeirra notenda sem af einhverjum ástæðum þurfa á sérlausnum að halda til að geta nýtt sér vefsíðuna, t.d. að hægt sé að stækka og auka línubil, möguleika til að breyta bakgrunni, fjarlægja skáletrun, vefpulu og að síðan sé útbúin þannig að hægt sé að tengja við hana skjálestrarbúnað.

#### 2. Upplýsingaþjónusta um símanúmer:

- a. Fyrirtækið skal reka upplýsingaveitu um öll símanúmer í númerinu 118
- b. Í samræmi við ákvæði laga um aðgang allra að lágmarks fjarskiptaþjónustu skulu lögblindir eiga rétt á að hringja ókeypis inn í 118.

#### 3. Varðveisla gagnagrunns yfir alla áskrifendur hér á landi:

- a. Já Upplýsingaveitur skulu halda utan um gagnagrunn yfir alla áskrifendur fjarskiptaþjónustu hér á landi, hvort sem um er að ræða fastanetsnúmer, farsímanúmer eða önnur þjónustunúmer
- b. Jafnframt skal fyrirtækið virða ákvæði 45. gr. laga um fjarskipti þar sem m.a. er fjallað um rétt notenda til að vera óskráðir í gagnagrunn.
- c. Fyrirtækið skal veita áskrifendum aðgang að þeim upplýsingum sem eru skráðar um þá.
- d. Fyrirtækið skal birta lista yfir þá áskrifendur sem óska eftir því að upplýsingar um þá megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar.

#### 4. Aðgang að gagnagrunninum

- a. Já Upplýsingaveitur skulu veita öðrum fyrirtækjum sem veita eða koma til með að veita upplýsingaþjónustu um símanúmer eða hyggjast gefa út símaskrá aðgang að gagnagrunni yfir símanúmer á kostnaðarverði að viðbætti hæfilegri álagningu. Að lágmarki skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja með:
  - Nafn rétthafa
  - Símanúmer

- Kennitala
- Heimili
- Póstnúmer
- Bannmerking

Útnefningartímabil alþjónustukvaðanna sem lagðar eru á Já Upplýsingaveitur ehf. skulu gilda frá og með 1. júlí 2011 og til og með 30. júní 2014. Heimilt er að framlengja útnefningartímabil til 10. febrúar 2016.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

*Reykjavík, 28. júní 2011*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Friðrik Pétursson